




Háteigur



10. árgangur 7. tbl.

15. september 2006

KYNNINGARFUNDIR 19.- 21. SEPTEMBER

<http://www.hateigsskoli.is>

Frá skólastjóra

Ágætu foreldrar

Í næstu viku eru kynningarfundir í Háteigsskóla eins og kemur fram á skóladagatali ársins 2006 til 2007.

Svo lengi sem elstu menn muna hafa kynningar á námsefni farið fram á kvöldin frá kl. 20:00 til 22:00. Kynningunum er ætlað að vera vettvangur til að kynna og ræða skólastarfið í hverjum árgangi. Þá er einnig tækifæri fyrir foreldra að kynnast, sem leggur grunninn að mikilvægum stuðningi þeirra við skólann með því félagslífi sem foreldrar standa fyrir. Á kynningunum er hægt með umræðu að skýra þær línur ábyrgðar sem óneitanlega skarast á milli skólans og heimilanna varðandi uppeldi og nám.

Nú er það svo að við í skólanum höfum ekki alltaf verið ánægð með þátttöku í kynningunum en við höfum lagt mikla áherslu á góðan undirbúning bæði að því er varðar umgjörð og þær upplýsingar sem foreldrar fá í hendurnar. Við gefum út bekkjarnámskrá með nokkuð ítarlegum upplýsingum um inntak og leiðir í hverjum árgangi en auk þess fá foreldrar handbók með almennum upplýsingum. Okkur þykir því mikilvægt fyrir farsælt samstarf að sem flestir mæti á fundina.

Á undanfórnum árum hefur sú breyting orðið á í fjölmörgum skólum í Reykjavík að þessar kynningar fara fram á skólatíma en ekki á kvöldin. Þá er það gert þannig að eldri börnin mæta seinna í skólann þann morgun sem kynningin fer fram en yngri börnum sinnt í skólanum.

Það er árleg umræða hér í skólanum um þetta fyrirkomulag og á síðasta ári ákváðum við að gera könnun á viðhorfi foreldra til þess hvaða tími er heppilegastur til að ná markmiðum okkar. 50,4% foreldra töldu að kvöldtíminn 20:00 til 22:00 væri heppilegastur. 23,7% er alveg sama hvenær kynningarnar eru og 5,6% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar. 29,3% er því sama eða taka ekki afstöðu. Meðalmæting haustið 2004 var 63,3%; minnsta mæting var 47% og mesta mæting var 86%.

Mér þykir mikilvægt að gera tilraun með því að breyta þessu þar sem mörg rök hníga að því að kynningar á skólatíma séu heppilegri. Svo sem almenn ánægja og góð mæting á slíkar kynningar í öðrum skólum og að fundirnir verða afmarkaðri og dragast ekki á langinn. Bæði kennarar og foreldrar eru að hittast á þeim tíma dags sem menn eru almennt hvað ferskastir en ekki þreyttir eftir erfiðan vinnudag.

Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að vera djörf og prófa breytingu sem gæti bent okkur í átt til betra skipulags og að öðrum starfsháttum fyrir námsefniskynningarnar í Háteigsskóla.

Ég hef því ákveðið að kynningar verði með hefðbundnu sniði á yngsta stigi og miðstigi en að kynningarnar á unglíngastigi fari fram á tímabilinu 8:30 til 9:50. Nemendur unglíngastigs mæta því kl. 10:10 þennan morgun. Í þessu sambandi munum við kanna hug foreldra og safna gögnum til að eiga í umræðu um þessi mál í vetur.

19. september. Fyrirlestur skólastjóra um „Áttina“ kl. 19:00.

Aðferð Háteigsskóla til forvarna og bættrar hegðunar.

19. september. Kynningarfundur fyrir 1. – 4. bekk frá kl. 20:00 til 22:00.

20. september. Kynningarfundur fyrir 5. – 7. bekk frá kl. 20:00 til 22:00.

21. september. Kynningarfundur fyrir 8. – 10. bekk frá kl. 8:30 til 9:50.

Með von um að foreldrar taki þessari nýjung vel og hjálpi okkur að þróa góðan skóla.

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri

Eins og áður munu nemendur í 10. bekk bjóða upp á hressingu á þriðjudags- og miðvikudagskvöld til styrktar ferðasjóð sínum.

Útivistarreglur

Frá og með 1. september mega börn 12 ára og yngri ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn sem eru á aldrinum 13 til 16 ára skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22:00, nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldursmörk þessi miðast við fæðingarár. Ein helsta ástæða útivistarreglna er að unglíngar verði ekki fyrir áreiti seint á kvöldin. Útivistarreglurnar eru landslög, foreldrar geta ekki leyft börnum að vera lengur úti en lögin ákveða. Þeir geta hins vegar stýtt útivistartímann kjósi þeir það. Þessar reglur gilda alla daga vikunnar – líka um helgar.

Atvinna í boði

Okkur vantar skólaliða til starfa. Bæði er um að ræða vinnu í eldhúsi og við gæslu og þrif. Hlutastarf kemur til greina. Áhugasamir tali við Ásgeir Beinteinsson skólastjóra eða Þórð Óskarsson aðstoðarskólastjóra.

Heimanám fyrir nemendur í 5. – 7. bekk

Frá og með mánudeginum 2. október býðst nemendum í 5.-7. bekk að vinna að heimanámi í skólanum tvo daga vikunnar, þ.e. mánudaga og miðvikudaga kl. 14:30-15:30. Heimanámið verður í stofu A304 og umsjón með því hefur Ingi Rúnar Bragason. Skyldumæting er í tímana, viðvera nemenda er 60 mínútur og ber að láta vita ef um forföll er að ræða. Forráðamenn bera ábyrgð á mætingum barna sinna og verða þeir látnir vita ef þau mæta ekki.

Gjaldið fyrir tímabilið frá 2. október til og með 15. janúar er:
- Einu sinni í viku kr. 3.600,- (12 skipti)
- Tvisvar í viku kr. 7.200,- (24 skipti)

Athuga ber að lágmarkspáttaka í hvern tíma eru 12 nemendur. Ef sá fjöldi næst ekki verður ekki farið af stað með heimavinnutímana.

Umsóknareyðublið er hægt að fá hjá ritara eða af heimasíðu skólans. Allar nánari upplýsingar veitir aðstoðarskólastjóri.

Haustferð 9. bekkja

30 nemendur úr 9. bekkjum, ásamt fjórum foreldrum fóru í haustferð 8. – 9. september sl. Var farið að Laugalandi í Holtum og gist yfir nótt. Lagt var af stað kl. 14:00 á föstudeginum í rigningsudda. Á Laugalandi er íþróttahús, sundlaug og svefnaðstaða fyrir stóra hópa. Tilgangur ferðarinnar var að hrista hópinn saman, leyfa þeim að vera saman í öðru umhverfi en dags daglega og styrkja samstöðuna þessa síðustu vetur í skólanum. Krakkarnir notuðu aðstöðuna óspart, undirbjuggu svo kvöldvöku sem foreldrar og umsjónarkennarar komu að fylgjast með og taka þátt í um kvöldið og svo var lagst til hvílu í flatsængum. Seinni daginn skein sól í heiði. Tókst ferðin með ágætum og gefur tóninn um áframhaldandi bekkjarstarf.

Fararstjórar

Fuglar

3. bekkur hefur frá því að skóli hófst unnið stórt verkefni um íslenska fugla. Stefnt er að því að nemendur þekki helstu tegundir íslenskra mó-, sjó-, vað- og ránfugla, útlit þeirra, búsvæði og æti. Unnin hafa verið fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast móðurmáli, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsgreinum og list- og verkgreinum.

Nemendur fóru í Grasagarðinn þar sem fylgst var með atferli fugla og einnig í Náttúrugripasafnið í Kópavogi þar sem þeir fóru í ratleik sem kennarar þeirra höfðu samið og tengist fuglum. Í skólanum hafa nemendur unnið alls konar fuglaverkefni á vinnusvæðum.

Dæmi um verkefni má nefna, fuglabingó, vatnslitamyndir, heimildavinna á bókasafni, fuglaþrautir, ljóðagerð og úrvinnsla og búið til bækur um einn valinn fugl. Einnig áttu nemendur að ímynda sér að þeir væru fugl á flugi og teikna hvað hann sæi úr lofti. Að lokum má benda á gullfallegar fuglamyndir sem hanga fyrir utan stofur. Þær voru unnar í samvinnu við myndmenntakennara.

Hlín Helga Pálsdóttir

Hverfahátíð Miðborgar og Hlíða

Samtakahópurinn stóð fyrir hverfahátíð á Miklatúni laugardaginn 9. september. Markmið hátíðarinnar var að stefna fjölskyldum saman til skemmtistundar á túninu auk þess sem tækifæri gafst að kynnast því sem væri í boði til tólmstundaiðkunar í hverfinu. Hátíðin tókst vel og eru myndir komnar á heimasíðu skólans.

Umferðarmál

Allir öikumenn Háteigsskóla eru beðnir um að fara eftir umferðarreglum hér við skólann sem annars staðar, þ.e. gefa stefnumerki þegar með þarf, stöðva bíla við gangstéttir eða annars staðar þar sem þeir eru ekki fyrir öðrum bílum og drepa á bílum sínum ef það þarf að yfirgefa þá.

Vináttuhlaupið

5. september fengum við góða gesti í skólann. Þetta voru fulltrúar Vináttuhlaupsins. Vináttuhlaupið er alþjóðlegt kyndilboðhlaup. Tilgangur hlaupsins er að efla vináttu og skilning. Sem tákni um þessa viðleitni bera hlaupararnir logandi kyndil, sem berst manna á milli í þúsundum byggðarlaga í yfir sjötíu löndum. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur í ár verði vel á aðra milljón.

Vináttuhlaupið er grasrótariðburður sem snertir líf milljóna manna. Hlauparar Vináttuhlaupsins heimsækja skóla, hlaupahópa, ungmennafélög og lands- og sveitarstjórnir á hverjum stað. Í öllum þessum heimsóknum er takmarkið um alþjóðlega vináttu í hávegum haft, en auk þess votta hlaupararnir virðingu sína þeim sem vinna að sátt og samlyndi í sínu eigin samfélagi á sinn eigin hátt. Markmið Vináttuhlaupsins er ekki að safna fé eða að leitast eftir stuðningi við pólitískan málstað, heldur einfaldlega að stuðla að náungakærleik milli fólks af öllu þjóðerni og hjálpa til við að styrkja bönd alþjóðlegrar vináttu og einingar. Myndir frá heimsókninni eru á heimasíðu hlaupsins, www.worldharmonyrun.org.

Nemendaráð

Búið er að kjósa nemendaráð vetrarins:

10. b.: Hekla Helgadóttir formaður. Varamaður: Ástríður Ríkharðsdóttir. 9. b.: Valgerður Bjarnadóttir gjaldkeri. Varamaður: Veigar Ölnir Gunnarsson. 8. b.: Reynir Snær Valdimarsson ritari. Varamaður: Diljá Guðmundardóttir. Með stjórn nemendafélagsins starfa; árshátíðarnefnd: Una Rúnarsdóttir, Gerður Guðnadóttir og Berglind Erna Tryggvadóttir; skemmtinefnd: Inga Rán Reynisdóttir, Brynja Helgadóttir og Kolfinna Tómasdóttir og íþróttanefnd: Marteinn Pétur Urbancic, Jenný Harðardóttir og Viktor Már Kristjánsson. Auglýsinganefnd skipa Nína Höskuldsdóttir, Elva Björk Haraldsdóttir og Thelma Rós Hinriksdóttir. Í ritnefnd eru Kolbrún Sara Másdóttir, Anna Karen Kolbeins og Ragnhildur Helga Hannesdóttir. Tónlistarnefnd skipa Jóhann Orri Briem, Rúrik Andri Þorfinnsson og Alexander Jean de Fontenay.

Kennararnir Heiðveig Hanna Friðriksdóttir og Fríða Agnarsdóttir munu hafa umsjón með félagsstarfi nemenda í vetur.

☪ Spakmæli mánaðarins: ☪
Sá sem safnar miklum fjársjóðum
hefur einnig miklu að tapa.